


Æskulýðsstarf Geysis 2020 – 2021



Áfram höldum við í óvenjulegu starfsumhverfi vegna covid-19 og erfitt að halda óbreyttri dagskrá.

Því miður urðum við að sleppa nokkrum föstum viðburðum vegna óvissu í samfélaginu vegna covid-19. Má þar meðal annars nefna bingó, uppskeruhátíð, föndurkvöldi, óvissuferð og fleiru ásamt Æskulýðssýningu Geysis 1.maí. Vonandi verður hægt að halda alla þessa viðburðið ásamt fleirum á árinu 2022

Almennt reiðnámskeið fyrir börn og unglinga var haldið vikulega frá lok janúar til loka apríl þar sem 45 börn tóku þátt í. Eru þessi námskeið ætluð börnum og unglingum á aldrinum 7-15 ára til að efla færni sína á hestum í gegnum leik og samveru við önnur börn og unglinga með sama áhugasvið. Farið er yfir helstu atriði hestamennskunnar hvað varðar heiti á hinum ýmsu líkamspörtum hestsins og nafngiftir á þeim áhöldum sem notuð eru við hestamennsku. Einnig farið yfir einfaldar gangskiptingar og heiti reiðleiða innan reiðsvæðis reiðhalla. Heiti á nokkrum einföldum liðkunaræfingum fyrir knapa og hest. Fóru þessi námskeið fram á tveimur stöðum, í reiðhöllinni Skeiðvangi á Hvolsvelli og á Skeiðvöllum í Rangárþingi Ytra. Heppnuðust þessi námskeið mjög vel á báðum stöðum. Einnig var boðið uppá stutt krílanámskeið á tveimur stöðum hálfsmánaðarlega í 6 skipti. Þar er teymt undir þeim sem vilja og einnig leyft þeim að stýra sjálfum sem treysta sér til þess. Þessi námskeið eru ætluð börnum frá 3-6 ára. Umsjón með þessum námskeiðum höfðu Alma Gulla Matthíasdóttir og Klara Sveinbjörnsdóttir.

Á Hellu hefur einnig Theresa Sundberg boðið uppá námskeið fyrir krakka sem að hafa ekki aðgang að hrossum og útvegar hún bæði hesta og öryggisbúnað.



Pollastund hefur verið starfandi á vetrarmótum Geysis undanfarin ár og var engin breyting á því. Þar mæta börn á öllum aldri sem hafa gaman af þrautabrautum, leikjum og samveru með jafnöldrum til að hittast og hafa gaman. Þessar pollastundir eru um ein klukkustund. Umsjón hafði Jónína Lilja Pálmadóttir.



Sumarnámskeið voru haldin á tveimur stöðum í sumar, í Traðarás í Landeyjum og Sandhólaferju. Voru þetta viku námskeið í um þrjár klst í senn á dag. Eru þessi námskeið hugsuð meira sem útreiðar og samvera barna og unglunga með sameiginlegan áhuga á hestum og hestamennsku. Námskeiðin eru til að sýna sem flestar hliðar hestamenskunnar og njóta þess að ríða út og njóta náttúrunnar. Ríðið var meðal annars niður á fjörur og einnig var mjög vinsælt að sundríða. Umsjón með þessum námskeiðum höfðu þær Alma Gulla Matthíasdóttir og Klara Sveinbjörnsdóttir.



Ein frábær nýjung var prófuð á árinu en það var **Ævintýraferð Geysis**. Þar var börnum og unglungum boðið að komast í hestaferð, ríðið var frá Velli í Hvolhrepp upp Krappa og að Fossi á Rangárvöllum. Þar var gist eina nótt og svo ríðið niður Vatnsdalinn í gegnum Tumastaðaskóg og að Fljótshlíðarréttum. Ekki var ætlast til að foreldrar færu með í þessa ferð en 5 fullorðnir einstaklingar fylgdu hópnum og fóru með ásamt 23 börnum á aldrinum 8 ára til 15 ára. Heppnaðist ferðin frábærlega og er mikil tilhlökkun til næsta árs.

Takk fyrir okkur - Æskulýðsnefnd Geysis 2020 - 2021

Katrín Sigurðardóttir - Sarah M.Nielsen – Anna B. Indriðadóttir – Åsa Ljungberg - Eydís Hrönn Tómasdóttir - Kristín Svandís Jónsdóttir – Majken Egumfeldt Jörgensen – Jakobína Agnes Valsdóttir